

Afmælisár Hins íslenska biblíufélags 2015 hófst formlega í fyrstu viku janúar er sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og fyrrverandi forseti félagsins flutti fyrstu hugleiðingu sína af þrettán í tilefni afmælisársins.

Allt árið verða fluttir þættir frá Biblíufélaginu á Lindinni og kann stjórn félagsins útvarpsstjórum Lindarinnar bestu þakkir fyrir. Útsendingar Lindarinnar ná til 90% þjóðarinnar á mismunandi bylgjulengdum sem finna má upplýsingar um á <http://lindin.is>

Greinar í dagblöðum

Í hverjum mánuði ársins 2015 munu birtast greinar í dagblöðum eftir ýmsa höfunda til að vekja athygli á Biblíunni og þeim áhrifum sem hún hefur haft á líf fólks og hefur enn. Greinarnar verða einnig birtar á heimasíðu félagsins. Í janúar skrifuðu biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir sem jafnframt er forseti félagsins og Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri greinar í Morgunblaðið og Fréttablaðið.

Biblíumaræðon helgina 24.-25. janúar 2015

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga efndi til árlegrar bænaviku dagana 18.-25. janúar 2015. Í lok þeirrar viku, helgina 24.-25. janúar var efnt til Biblíumaræðons, þar sem fólk kom saman til „maræðonlesturs“ þar sem Biblían, eða hlutar hennar voru lesnir í heyranda hljóði af safnaðarfólki, ungum og eldri.

Útgáfufagnaður

Útgáfufagnaður í tilefni af útgáfu bókarinnar Áhrifasaga Saltarans eftir Gunnlaug A Jónsson prófessor var haldinn fimmtudaginn 15. janúar kl.17 í Seltjarnarneskirkju. Þar sagði Gunnlaugur frá tilurð bókarinnar, Grétar Halldór Gunnarsson fjallaði um bókina og tónlist fluttu Friðrik Vignir Stefánsson og Eygló Rúnarsdóttir. Ólafur Egilsson stjórnaði athöfninni.

Samráðsfundur

Þriðjudaginn 3. Febrúar kl. 12-13 verður haldinn samráðsfundur samkvæmt 9.grein laga félagsins en þar segir: *Stjórnin efnir árlega til samráðsfundar um málefni félagsins með trúnaðarmönnum þess og öðrum félagsmönnum er þátttöku óska. Ennfremur skulu eiga rétt til setu á tédum samráðsfundum fulltrúar trúfélaga í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga og fulltrúar kristinna félagasamtaka*

Fundurinn verður haldinn kl. 12-13 í Neskirkju. Boðið verður upp á súpu og brauð. Vinsamlega tilkynnið þátttöku ykkar á netfangið ragnildur@biblian.is eða í s: 528 4004.

Biblíudagurinn 8.febrúar 2015

Biblíudagurinn verður sunnudaginn 8. febrúar. Sérstakur dálkur er á heimasíðu félagsins, þar sem kirkjur og kristnir söfnuðir geta nálgast efni fyrir barna-og æskulýðsstarf, starf með eldri borgurum og fleira.

12 hátíðarvers hafa verið valin í tilefni af 200 ára afmæli félagsins. Börn í leikskóla KFUM og K myndskreyttu ritningarversin.

Á Biblíudaginn verður útvarpsguðsþjónusta kl. 11 í Dómkirkjunni. Þar mun forseti félagsins, Frú Agnes M Sigurðardóttir, biskup Íslands prédika.

B+ afmælisrit

Á afmælisárinu verður gefið út afmælisrit fréttablaðs Biblíufélagsins, B+, í ritnefnd sitja Guðni Einarsson, Gunnlaugur A. Jónsson, Ólafur Egilsson og Ragnildur Ásgeirsdóttir.

Á afmælisárinu eru áformaðir fjölbreyttir viðburðir.

Félagið hvetur fólk til að fylgjast vel með afmælisári Biblíufélagsins og taka virkan þátt í viðburðunum.